



136. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. október 2013 í Náttúrufræðistofnun Íslands í Garðabæ

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Erla Friðriksdóttir og Þórólfur Halldórsson varamaður. Arnheiður Jónsdóttir boðaði forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 135. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Beiðni um sérstaka friðun Steinakletta í Hvammsfjarðarröst

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna beiðni Kristjáns Kára Jakobssonar um sérstaka friðun Steinakletta í Hvammsfjarðarröst til verndunar lundavarps í Steinaklettum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að ekki séu fullnægjandi forsendur fyrir hendi til að meta hvort mæla megi með sérstakri friðlýsingu Steinakletta. Vert er að vekja athygli á því að Steinaklettar eru í fjölfarinni siglingaleið og að lunda hefur fækkað um allan Breiðafjörð vegna fæðuskorts. Þá er ekki vitað hvort minnur hafi haft áhrif á afkomu lunda í Steinaklettum. TB falið að gera uppkast að svarbréfi.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Trausti fór ítarlega með nefndarmönnum yfir nýjustu drög að verndaáætlun Breiðafjarðar.

Drögin að verndaráætluninni verða á næstu vikum send til sveitarfélaga við Breiðafjörð til umsagnar.

Lenging á ferjubryggju í Stykkishólshöfn

Lagt var fyrir erindi frá Stykkishólmsbæ, tölvupóstur Gyðu Steinsdóttur bæjarstjóra um lengingu á ferjubryggju í Stykkishólshöfn.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir svo framarlega að ekki sé farið í efnistöku innan verndarsvæðisins.

Vistvæn Flatey

Flateyjarveitur leita til Breiðafjarðarnefndar um samstarf um verkefnið *Vistvænni Flatey: leiðir að sjálfbærum orkubúskap*, og vinna með Flateyjarveitum og íbúum Flateyjar að skilgreina vistvæna Flatey auk þess að leita leiða til að ná settum markmiðum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar Flateyjarveitum fyrir bréfið. Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum um umbeðið samstarf.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari lagði fram fjárhagsstöðu Breiðafjarðarnefndar.

Önnur mál

Þórólfur leggur fram eftirfarandi bókun:

Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir ánægju með þá ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra að afturkalla lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og hefja endurskoðun á náttúruverndarlögum með það að markmiði að styrkja stöðu náttúruverndar og ná um þau sátt.

GP - Nefndin ákvað að taka bókunina ekki til afgreiðslu.

Fundi var slitið kl. 15:40. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.